

Fréttabréf Svansins Nóvember 2017



Þekking á Svaninum


Samkvæmt markaðskönnun Svansins sem framkvæmd er annaðhvort ár hefur þekking á Svaninum aukist töluvert á Íslandi síðan 2015. Könnunin sýndi að um 84% Íslendinga þekkja Svaninn.




Ársuppgjör Svansins

Ársuppgjör Svansins var í fyrsta skipti gefið út í ársskýrslu Umhverfisstofnunar 2016. Þar var gerð grein fyrir skiptingu á tekjum og útgjöldum Svansins. Útgáfa ársuppgjörs er hluti í að gera reksturinn gegnsærri. Á meðfylgjandi myndum má sjá uppgjörið.

GJÖLD SVANSINS




TEKJUR SVANSINS



**EKKI VELJA
HVAÐ SEM ER
FRÁ HVERJUM
SEM ER**

Vörulisti Svansins

Á haustdögum 2016 fór starfsfólk Svansins í eftirlit í rúmlega 20 verslanakeðjur og skráði niður vottaðar vörur. Útkoman var vörulisti Svansins sem var gefinn út á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Þar geta neytendur leitað að vottuðum vörum sem eru til á Íslandi.



Markaðsátak Svansins

Á vordögum 2017 fór Svanurinn í markaðsátak með aðstoð leyfishafa og innflutningsaðila. Myndband og kynningarefni sem auglýsingastofan Brandenburg framleiddi var sýnt á ýmsum miðlum í yfir 2 vikur, frá 12. – 24.maí. Auglýsingin birtist alls í 21 skipti í sjónvarpi yfir þennan tíma auk vefborða á helstu fréttasíðum. Átakinu fylgdi einnig aukin virkni Svansins á samfélagsmiðlum með kostuðum auglýsingum.

VELJUM MEÐ HJARTANU

Leyfi og umsóknir

Í lok árs 2016 voru íslensku Svansleyfin orðin 35, en á árinu bættust við 5 ný leyfi. Þar af voru 4 prentsmiðjur; Prenttækni, Pixel, Litlaprent og Héraðs-prent. Þá varð SORPA bs. fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta Svansvottun fyrir eldsneyti. Árið 2017 hafa verið gefin út 2 ný leyfi, annars vegar til Ásprents á og hins vegar til Mannverks. Á árinu 2016 bárust 8 nýjar umsóknir og 7 árið 2017.

HUGMYNDIN ER AÐ BJARGA HEIMINUM

Visthús

Mannverk ehf. hefur, fyrst íslenskra fyrirtækja, hlotið vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins fyrir einbýlishús í Urriðaholti í Garðabæ. Húsið er í eigu Finns Sveinssonar og Þórdísar Jónu Hrafnkelsdóttur en það hafði verið draumur þeirra að byggja vistvænt hús á Íslandi. Þau hafa haldið úti vefsíðunni visthus.is þar sem skrifaðar hafa verið greinar um vottunarferlið. Umhverfisráðherra og forstjóri Umhverfisstofnunar veittu leyfið við hátíðlega athöfn þann 10. nóvember síðastliðinn.

